

Um sjóðinn

Gengi: 88,07

Íslandsbréf hs. er sérhæfður sjóður ætlaður almennum fjárfestum, bæði einstaklingum, lögaðilum og fagfjárfestum sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra hlutabréfa. Sjóðurinn hentar þeim sem hyggjast ávaxta fé sitt í þrjú ár eða lengur.

Fjárfestingarstefna



Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum sem eru skráð í Kauphöll Íslands og First North á Íslandi og afleiðum með þau skráðu hlutabréf. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja og öðrum peningama í íslenskum krónum (ISK).

Viðbótar upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingaskjali og útboðslýsingu hans, sem finna má á heimasíðu Arctica sjóða hf., www.arcticasjodir.is

Tíu stærstu eignir sjóðsins

Eignasamsetning

Upplýsingar um sjóðinn




Rekstraraðili	Arctica sjóðir hf.
Viðskiptatími	Virkir dagar fyrir kl. 13.
Uppgjörstími	Tveir viðskiptadagar (T+2)
Gengisútreikningur	Daglega
Kaupþóknun	0%
Afgreiðslugjald	Skv. gjaldskrá vörsluaðila
Umsýsluþóknun	1,50%
Annar árlegur kostnaður	Hámark 0,45%
Árangurstengd þóknun	20% umfram OMXI15CapGI
Sjóðstjóri	Vanesa Hoti
Vörsluaðili sjóðsins	T Plús hf.
Fjárfestingartími	Þrjú ár eða lengur
Áhættuflokkun*	Flokkun 4 af 7

* sjá Lykilupplýsingaskjal

Gengisþróun

Ávöxtun**

31. ágúst 2026



	Íslandsbréf	OMXI15CAP
1 mánuður	0,2%	0,0%
3 mánuðir	-7,3%	-6,1%
6 mánuðir	-8,2%	-5,7%
1 ár	1,3%	5,3%
Frá stofnun	-11,9%	-4,6%
2026	-7,4%	-4,9%
2025	-4,9%	0,3%
2024		20,8%
2023		1,0%
2022		-20,4%

* OMX15 Iceland CAP GI er hlutabréfavisitala Kauphallar Íslands með arði. Vísitalan er samsett af 15 félögum og er flotleiðrétt og mælir verðbreytingar veltumestu og stærstu félaga kauphallarinnar.

** Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Áhætta

Verðmæti eigna hlutabréfasjóða getur lækkað sem og hækkað. Sveiflur í virði hlutabréfa gerast fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum og vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga geta haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir eigendur sjóðsins.

	Íslandsbréf	OMXI15CAP
á ársgrundvelli		
sl. 1 ár	1,3%	5,3%
sl. 2 ár		9,0%
sl. 3 ár		4,9%
sl. 4 ár		1,8%
sl. 5 ár		-0,7%

Atvinnugreinaskipting



Fjárfestingaheimildir

	Heimildir	Eignir
Skráð hlutabréf	50-100%	98%
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	2%
Afleiður með skráð hlutabréf	0-40%	11%

Arctica sjóðir hf.

Arctica sjóðir hf. starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um starfsemina gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Skattlagning

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og um staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Fjármagnstekjuskattshlutfallið er nú 22%. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Áhætta

Fyrirtækjaáhætta fylgir fjárfestingu í sjóðnum. Rekstur þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í, er háður þróun á mörkuðum, samkeppni, verði á aðföngum o.fl. **Markaðshætta** fylgir öllum fjármálagerningum og má skilgreina sem hættuna á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna sem rekja má til breytinga á gengi hlutabréfa og öðrum markaðsbreytum. Markaðshættu er alla jafna ekki hægt að eyða með dreifðu eignasafni. **Seljanleikaáhætta** er til staðar í sjóðnum, þar sem sölutregða á markaði getur hindrað að sjóðurinn geti selt fjármálagerning á ásatnanlegu verði, t.d. vegna skorts á eftirspurn, sem rekja megi til breytinga á markaðsaðstæðum. **Áhætta tengd afleiðunotkun sjóðsins:** Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum með skráð hlutabréf. Afleiður eru fjármálagerningar sem breytast að verðgildi eftir verðmæti undirliggjandi eignar. Með notkun á afleiðum eykst áhætta sjóðsins og má búast við því að sveiflur í gengi hans verði meiri vegna þeirra. Nánari upplýsingar um áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Fyrirvari

Kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki lofordum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingu í fjármálagerningum, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum sjóðsins, fylgir áhætta. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Bent er á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Íslandsbréf hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum Íslandsbréfa hs. er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingar sjóðsins af kostgæfni, sem og reglur hans. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar verða að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst.

Engin trygging er fyrir því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver yfirlýsing sem vísar til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi, byggir á núverandi upplýsingum og gögnum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem getu leitt til verulega breyttra niðurstaðna er aftur gæti leitt til umtalsverðra áhrifa á útkomu og fjárhagslega afkomu. Öllum spám og fyrirætlunum ber því að taka með fyrirvara og skal á engan hátt skoða sem loford um árangur eða ávöxtun.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Áhætta fylgir fjárfestingum í fjármálagerningum þar sem gengi þeirra getur sveiflast, lækkað jafnt sem hækkað. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér vel áhættu tengdum fjármálagerningum sem nálgast má á www.arcticasjodir.is.